

*Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneyti*

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti**
Dagsetning: **11.11.2020.**
Málsnúmer: **ANR20080108**

Efni: Umsagnir við frumvarp til laga um ráðstafanir gegn óréttmætri takmörkun á netumferð og annarri mismunun í viðskiptum (bann við mismunun)

Með tölvupósti nefndarritara efnahags- og viðskiptanefndar þann 6. nóvember sl. var óskað eftir viðbrögðum ráðuneytisins við tveimur umsögnum sem bárust nefndinni um frumvarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um ráðstafanir gegn óréttmætri takmörkun á netumferð o.fl.

Í umsögn Neytendasamtakanna er vakin athygli á því að í 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/302 sé gert ráð fyrir því að aðildarríki tilnefni a.m.k. einn aðila sem ber ábyrgð á að veita neytendum hagnýta aðstoð ef um er að ræða deilumál milli neytenda og seljanda sem leiðir af beitinu reglugerðarinnar. Þá kemur fram að frumvarpið virðist ekki gera ráð fyrir slíkum aðila heldur aðeins að Neytendastofa hafi eftirlit með framkvæmd laganna. Ráðuneytið hefur áður átt í samskiptum við Neytendasamtökin um að taka að sér hlutverk tilnefnds aðila skv. 8. gr. reglugerðarinnar. Þar sem sá aðili fer ekki með valdheimildir heldur er aðeins falið að veita hagnýta aðstoð er hins vegar ekki nauðsynlegt né æskilegt að tilgreina þann aðila í frumvarpinu. Eftir sem áður eru það áform ráðuneytisins að Neytendasamtökunum verði falið þetta hlutverk.

Í umsögn Nova er gerð athugasemd við orðalag í greinargerð frumvarpsins sem fjallar um gildissvið þess og reglugerðar (ESB) nr. 2018/302. Um gildissvið fer skv. 1. gr. reglugerðarinnar. Þar kemur m.a. fram að sú starfsemi sem vísað er til í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2006/123/EB um þjónustuviðskipti á innri markaðnum sé undanskilin gildissviði reglugerðarinnar. Í c-lið 2. gr. þjónustutilskipunarinnar kemur fram að rafræn fjarskiptaþjónusta og fjarskiptanet og þjónusta því tengdu sem fjallað er um í tilskipunum 2002/19/EB, 2002/20/EB, 2002/21/EB, 2002/22/EB og 2002/58/EB falli utan gildissviðs tilskipunarinnar. Framangreindar tilskipanir hafa verið innleiddar í íslenskan rétt með lögum um fjarskipti, nr. 81/2003. Þjónustutilskipunin var innleidd í íslenskan rétt með lögum um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 76/2011. Í 2. mgr. 2. gr. laganna er tiltekin þjónustustarfsemi undanskilin gildissviði þeirra. Þar kemur m.a. fram í 3. tölul. að lögin gildi ekki um rafræna fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet sem og aðstöðu því tengdu. Umrædd þjónusta fellur því utan gildissviðs reglugerðar (ESB) nr. 2018/302. Þá tekur reglugerðin aðeins til hindrana sem seljendur setja í viðskiptum við kaupendur, sem ætla sér að vera endanotendur viðkomandi þjónustu, og viðskiptin eru yfir landamæri á innri markaðnum. Reglugerðin gildir ekki um samskipti fyrirtækja við stjórnvöld eða skilyrði sem stjórnvöld kunna að setja.

Með vísan til framangreinds er það mat ráðuneytisins að umsagnirnar kalli ekki á breytingar á frumvarpinu.